

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	1.7.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hlaðbær-Colas	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Gullhelli 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gísli Eymarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigpór Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	352977,735 396393,374

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram varðandi of hárra gilda á ryki í útblæstri og of hárra gilda svifagna í frárennsli.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir niðurstöður síðasta eftirlits. Þrjú ný frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í síðasta eftirliti er varða mælingu á PAH gildum í útblæstri, mælinu á ryki í útblæstri og of hárra gilda svifagna í frárennsli. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun varðandi þessi frávik sem var samþykkt af stofnuninni. Varðandi mælingu á PAH gildum þá var rekstraraðila sent bréf þann 23. september 2015, þess efnis að Umhverfisstofnun fellst á að ekki þurfi að mæla PAH gildi í útblásturslofti þangað til annað verður ákveðið, sbr. heimild í gr. 4.8 í starfsleyfi þar sem einungis er notuð köld innmötun endurunnis malbiks í framleiðsluferlinu en við það verður ekki losun á PAH efnun. Mælingar á ryki í útblæstri voru framkvæmdar árið 2015 og kom í ljós að rykmagn var töluvert yfir losunarmörkum starfsleyfis eða 291,1 mg/Nm<sup>3</sup> en mörkin eru 50 mg/Nm<sup>3</sup>. Í framhaldinu var skipt um alla poka í rykhreinsibúnaðinum í apríl sl. og verður gerð ný mæling á næstu vikum. Mæling var einnig gerð á gildi svifagna í frárennsli og greinast þær enn örlítið yfir mörkum starfsleyfis.

Eitt frávik frá eftirliti ársins 2011 var enn ófrágengið en unnið er eftir úrbótaáætlun vegna þessa. Gerir hún ráð fyrir því að byggingu fínefnageymslu verði lokið árið 2017. Rekstraraðili hefur hafið undirbúning á því verki og er vinna skv. áætlun og er reiknað með að vinna við fyrsta áfanga hefjist nú í haust.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Einnig er minnt á að senda skuli allar yfirfarnar áætlanir til eftirlitsaðila.

Farið var yfir rekstur stöðvarinnar frá síðasta eftirliti en stöðin hefur verið í gangi meira og minna allt árið fyrir utan eðlileg stopp vegna viðhalds og óhagstæðar veðráttu. Engar kvartanir haf borist rekstraraðila, Heilbrigðisnefnd né eftirlitsaðila, en ábendingar um reykmykk hafa borist rekstraraðila og var það vegna stíflu í rykhreinsibúnaði sem var strax lagað. Engin mengunarslys hafa orðið frá síðasta eftirliti. Engar breytingar á starfsemi né aðstöðu eru fyrirhugaðar á næstunni fyrir utan byggingu fínefnageymslunar skv. úrbótaáætlun. Sótt hefur verið um leyfi fyrir færanlega malbikunarstöð til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og verður hún staðsett á Keflavíkurlflugvelli. Mikil og góð verkefnastaða er framundan hjá fyrirtækinu. Verkefni um gróðursetningu trjáa allt í kringum lóð stöðvarinnar er nær lokið.

Verið er að skipta um olúgeyma á svæðinu og koma tvöfaldir geymar fyrir vélar og tæki.

Rekstraraðili er með ISO 9001:2008 vottun auk Factory Production Control vottun sem gefur heimild til CE merkingar. Að sögn rekstraraðila er mikil áhersla lögð á umhverfismál í innri úttekstum fyrirtækisins. Orkusparnaðaráttak er hjá Colas samsteypunni og er rekstraraðili aðili að því átaki. Unnið er að aukinni rafmagnsvæðingu og skrifað hefur verið undir loftslagsskilmála FESTA. Verið er að skoða aðild að ISO 14001 vottun og er vinna hafin við það verkefni og stefnt er á fyrstu úttekkt nú í lok árs.

Farið var yfir mælingar síðasta árs og voru niðurstöður þeirra flestar innan marka starfsleyfis. Þó var frávik vegna magns svifagna í fráveituvatn og ryk í útblæstri var töluvert yfir mörkum starfsleyfis.

Gengið var um vinnslusvæði stöðvarinnar og aðstæður skoðaðar. Vinnsla var í fullum gangi er eftirlit fór fram. Lóðin er afgirt og aðgangur takmarkaður. Færibönd eru yfirbyggð og svæðið snyrtilegt yfir að líta.

### Frávik frá

Gr. 2.2 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Klukkustundarmeðtalt heildaryrks í útblásturslofti má ekki vera yfir 50 mg/Nm<sup>3</sup>. Skv. niðurstöðum mælinga 2015 er gildi yrks í útblæstri 291,1

mg/Nm<sup>3</sup> og því töluvert yfir mörkum starfsleyfis.

Gr. 2.14 í starfsleyfi

Losunarmörk svifagna í fráveituvatni skv. starfsleyfi eru 50 mg/L. Skv. niðurstöðum mælinga ársins 2015 eru gildin örlítið yfir þeim mörkum eða 50,7 mg/L.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

#### **ANNAÐ**

Vöktunarbúnaður er yfirfarinn og kvarðaður árlega af framleiðanda stöðvarinnar, sem fylgir leiðbeiningum frá framleiðendum vöktunarbúnaðarins. Verkís sér um mælingar sem framkvæma á skv. starfsleyfi.

Viðstaddir eftirlitið voru einnig Steingrímur Bragason, stöðvarstjóri og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Minnt var á að rekstraraðili skal boða til samráðsfundar í tengslum við eftirlit næsta árs skv. gr. 4.9 í starfsleyfi.

Reykjavík, 28.07.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir